



Borgarráð

Tillögur starfshóps um örugga miðborg

Reykjavíkurborg skrifaði undir samkomulag í desember 2016 við Samtök ferðapjónustu (SAF), fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) um sameiginlegan vilja aðila um ofbeldislausa og örugga skemmtistaði í Reykjavík.

Í framhaldi skipaði borgarstjóri starfshóp til þess að móta tillögur sem snéru að þætti Reykjavíkurborgar í samkomulaginu.

Starfshópin skipuðu eftirtalin:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri formaður hópsins
Ársæll Jóhannsson, fulltrúi Umhverfis- og skipulagssviðs
Halldóra Gunnarsdóttir, fulltrúi ofbeldisvarnarnefndar,
Óli Örn Eiríksson, fulltrúi Skrifstofu eigna –og atvinnu
Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fulltrúi Höfuðborgarstofu

Starfsmaður hópsins var Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnastjóri miðborgar.
Meðfylgjandi eru tillögur starfshópsins ásamt erindisbréfi. Starfshópurinn hélt tvo fundi og var samstaða um þessar tillögur.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri

Tillögur starfshóps um öryggi í miðborg

21. júní 2017

Helstu verkefni hópsins er að vinna áætlun um framkvæmd samkomulagsins um örugga skemmtistaði;

Vinnuhópnum voru falin nokkur verkefni og eru þau tiltekin hér á eftir ásamt tillögum hópsins.

1. Verkefni:

Að stuðla að góðum samskiptum við lögreglu, slökkvilið og skemmtistaði. Reykjavíkurborg tilnefnir tengiliði frá þeim sviðum sem að málinu koma.

Tillaga hópsins:

Sett verið á fót teymi sem í eigi sæti lögreglan, slökkviliðið, rekstaraðilar skemmtistaða og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. Einnig verði tilnefndir fulltrúar frá umhverfis- og skipulagssviði, SEA og menningar- og ferðamálasviði sem kallaðir eru til þegar þörf er á. Teymið komi saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega sbr. samkomulag um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði. Teymið setji sér vinnureglur. Þegar þær eru tilbúnar þá leiði lögreglan teymið og beri ábyrgð á að kalla til fundanna sem skulu minnst vera ársfjórðungslega og til annarra funda þegar tilefni er til.

2. Verkefni:

Að Reykjavíkurborg, í samvinnu við lögreglu, setji upp eftirlitsmyndavélar í miðborginni og tryggi góða lýsingu þar sem þörf krefur utandyra, eftir atvikum samkvæmt ábendingum lögreglu og/eða skemmtistaða.

Tillaga:

Sendar verði út upplýsingar til skemmtistaða um að ábendingum sé hægt að koma á framfæri við teymið sem tilgreint var í tillögu 1, á netfangið oryggi@reykjavik.is. Sjá einnig tillögur vegna verkefnis nr. 5 og 6. Það þarf þó að vera ljóst að í sumum tilvikum er það á ábyrgð rekstaraðila sjálfra að setja upp lýsingu en að þeir geti fengið ráðgjöf varðandi það frá Reykjavíkurborg.

3. Verkefni:

Að útbúa og afhenda merki til skemmtistaða sem sýnir að þeir hafi staðist kröfur sem settar eru fram í samkomulaginu.

Tillaga:

Mannréttindaskrifstofa sér um að útbúa og afhenda merki til skemmtistaða sem þegar hefur verið hannað af Höfuðborgarstofu. Til þess að eitthvað liggi að baki merkinga um öruggan skemmtistað er nauðsynlegt að lykilstarfsfólk staðanna hafi farið á námskeið um það hvernig best sé að tryggja öryggi gesta. Teymið sjái um að taka út staðina og mögulega gera kröfur um lagfæringar.

4. Verkefni:

Að útbúa og afhenda upphandleggsarmband fyrir dyraverði skemmtistaða sem sýnir að staðirnir hafi staðist kröfur sem settar eru í forsendum þessa samkomulags.

Tillaga:

Mannréttindaskrifstofa sér um að afhenda upphandleggsarmbönd sem þegar hafa verið hönnuð af Höfuðborgarstofu. Teymið sér um úttekt sbr. tillögu við verkefni nr. 3.

Auk þessa að vinna áætlun með hvaða hætti Reykjavíkurborg mun til ársins 2020:**5. Verkefni:**

Auka lýsingu á ákveðnum svæðum í borginni til að tryggja öryggi.

Tillaga:

Umhverfis- og skipulagssvið vinnur að gerð ljósvistarSKIPULAGS fyrir höfuðborgarsvæðið m.a. með tilliti til öryggisjónarmiða. Ef skoða þarf ákveðna staði nánar m.t.t. öryggisjónarmiða þá felur teymið umhverfis -og skipulagssviði að gera það.

6. Verkefni:

Koma upp öryggismyndavélum í takt við þróun borgarinnar sérstaklega með tilliti til svæða þar sem skemmtanahald er.

Tillaga:

SEA og Lögreglan vinni þessa áætlun til tveggja ára í senn sem verði yfirfarin og endurskoðuð árlega.